

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi  
utan staðgreiðslu.**

## 1. gr.

Við 2. málslíð 5. gr. bætast eftirfarandi orð á eftir „í þágu launagreiðanda“: þ.m.t. akstursbók samkvæmt 2. mgr. 3. gr., til sönnunar því hver hafi verið akstur í þágu launagreiðanda,

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

Snorri Olsen.

30. desember 1992

Nr. 491

**REGLUGERÐ****um umferðaröryggisgjald.**

## 1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 100 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

## 2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast innheimtu umferðaröryggisgjalds um leið og innheimta er gjald fyrir skoðun eða skráningu hverju sinni.

Bifreiðaskoðun skal skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 115 30. desember 1992, öðlast gildi 1. janúar 1993.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.